

Þingeyjarsveit
Margrét S. Snorradóttir
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. janúar 2012
Tilvísun: UST20111200168/ksj

Tillaga að deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar, Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis Þingeyjarsveitar er barst 27. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit ásamt umhverfisskýrslu. Á heimasíðu Þingeyjarsveitar er að finna verkefnislýsingu deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar og helstu skipulagsforsendur fyrir deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar.

Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar, helstu skipulagsforsendur.

Afmörkun skipulagssvæðisins

Þeistareykir ehf. áforma að reisa allt að 200 MWe jarðhitavirkjun á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Jarðhitasvæðið er um 25 km suðaustur af Húsavík á milli Þeistareykjabungu í austri og Lambafjalla í vestri. Skipulagsmörk deiliskipulagsins eru dregin sem 76,5 km² rétthyrningur utan um iðnaðarsvæði/orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum. Skipulagssvæðið er þannig mun stærra að flatarmáli en landnotkunarreiturnar sem er meginviðfangsefni skipulagsins.

Deiliskipulagið er unnið í tveim þrepum. Skipulagssvæði A er 46,9 km², þ.e. heildarsvæði að frádregnu svæði B. Skipulagssvæði B er framkvæmdasvæði virkjunarinnar og er afmarkað sem rétthyrningur 5,2 x 5,7 km eða 30 km².

Afmörkun orkuvinnslusvæða

Á tillögu að deiliskipulagi Þeistareykja sem hér er til umfjöllunar eru gerðar lítils háttar breytingar frá afmörkun orkuvinnslusvæðis aðalskipulags og svæðisskipulags. Ofangreindar breytingar eru þær að orkuvinnslusvæðið stækkar lítils háttar Ketilfjallsmegin í Bóndhólsskarði, og einnig á þrem öðrum stöðum á austanverðu mannvirkjabeltinu, samtals 7,6 ha. Orkuvinnslusvæðið minnkar einnig lítils háttar eða alls um 12,2 ha. Athygli vekur að gert er ráð fyrir vegum og mannvirkjabelti á þessum svæðum sem ekki eru lengur frátekin vegna framkvæmda.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð skipulagstillögunnar þá er Þeistareykir svæði nr. 533 á náttúruminjaskrá og segir um svæðið "Þeistareykir, Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gúfu- og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól. Jarðhitaplöntur "

Umhverfisstofnun bendir á að á náttúruminjaskrá er að finna lista yfir öll friðlýst svæði á Íslandi ásamt þeim svæðum sem þykja merkileg og ástæða þykir til að friðlýsa. Á skipulagssvæðinu eru jarðmyndanir sem munu koma til með að skerðast og/eða verða fyrir varanlegum neikvæðum áhrifum, sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er, samkvæmt 37. gr laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur miður að svæði á náttúruminjaskrá sem hefur jafnmikla sérstöðu og Þeistareykir þar sem er að finna yfirborðshverir, plöntur á válista, nútímahraun og volgar tjarnir, muni verða fyrir jafn varanlegum og neikvæðum áhrifum eins og fram hefur komið.

Borsvæðin B-D, B-A, B-B, B-C, B-K, og niðurrenslissvæðið B-Q eru öll á því svæði sem skilgreint er sem svæði nr. 533 á náttúruminjaskrá. Þar af leiðandi mun svæði sem rétt þykir að vernda rýrast mjög við orkuvinnsluna. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram á korti af skipulagssvæði B mk. 1:10.000 er fylgir deiliskipulagstillögunni, mörk svæðis nr. 533 á náttúruminjaskrá, enda eru mörk minjaverndarsvæðis sýnd á uppdrættinum og sjálft svæðið sýnt skraferað.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir afmörkun nýs hverfisverndarsvæðis HV-5 undir Ketilfjalli.

Í umfjöllun um hverfisverndarsvæðin kemur eftirfarandi fram: „Vegna sérstöðu svæðisins er lögð sérstök áhersla á samráð við Umhverfisstofnun um skipulag og útfærslu mannvirkja á Þeistareykjahrauni.“ Varðandi þetta atriði bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að samráð sé hafið þegar á því stigi er útboðsgögn eru unnin. Einnig bendir stofnunin á það hve mikilvægt er að hugað sé strax að frágangi á bráðabirgðafrankvæmdum, þannig að frágangur sé nokkuð ljós frá upphafi. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 35.gr laga um náttúruvernd þá skal þess gætt að mannvirki falli sem best að svipmóti lands.

Borsvæði B. Borsvæði fyrir vinnsluholur

Alls eru afmörkuð 15 borsvæði fyrir vinnsluholur virkjunarinnar. Alls eru 14 borsvæði á eystri hluta vinnslusvæðis sem merkt er 0-1 á korti af framkvæmdasvæði í mk. 1:10.000. Af þessum 14 borsvæðum eru 3 staðsett í Bóndhólsskarði. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin telur svæðið ofan Bóndhólsskarðs tilheyrja annarri landslagsheild, enda liggur svæðið þar miklu hærra yfir sjávarmáli en Þeistareykir. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að nýta fyrirhugað borsvæði við Þeistareyki áður en farið verður inn á óraskað svæði ofan við Bóndhólsskarð.

Samkvæmt greinargerð þá er eitt af fyrirhuguðum borsvæðunum staðsett á vestari hluta vinnslusvæðis merkt 0-1 á ofangreindu korti. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að nýta borsvæði B-N aðeins ef ljóst er að orka sem fæst á fyrrgreindum 11 borsvæðum dugar ekki, þar sem rask vegna borþalls B-N yrði áberandi þar sem svæðið er stakt vestan

hverfisverndarsvæðis.

Í umfjöllun um borsvæði í kafla um almenn ákvæði kemur fram að afmörkuð eru 15 borsvæði fyrir vinnsluholur. Einnig kemur fram að auk 15 borsvæða fyrir vinnsluholur er gert ráð fyrir 2 borsvæðum fyrir niðurrennslisveitu virkjunarinnar. Að auki kemur fram að ekki er hægt að útiloka að holur sem boraðar verða til að skila affallsvatni niður í jarðhitageyminn reynist svo öflugar að þær nýtist sem vinnsluholur, og að mörk borsvæða séu dregin með vissri ónákvæmni. Í umfjölluninni er einnig tafla yfir stærðir borsvæða og samtals eru borsvæðin 15 sögð 54,1 ha og borsvæði fyrir niðurdælingaholur eru alls 7,7 ha. Athygli vekur að í frummatsskýrslu fyrir Þeistareykjavirkjun eru þessi 15 borsvæði sögð vera samtals 40 ha (40.000m²). Umhverfisstofnun bendir því á að ekki er samræmi milli frummatsskýrslu og deiliskipulags hvað varðar heildarstærð borsvæða og telur stofnunin mikilvægt að fram komi réttar upplýsingar um heildarstærð umræddra svæða.

Eins og sést á korti yfir framkvæmdasvæði í mk. 1:10.000 eru borsvæði B-H og B-C við jaðrana á hverfisverndarsvæði HV-5. Á hverfisverndarsvæði HV-5 eru volgar tjarnir sem mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að varðveita óraskaðar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að halda öllu raski í lágmarki á framkvæmdatíma og þarf að mati stofnunarinnar að viðhafa sérstaklega vönduð vinnubrögð og mikla aðgæslu við vinnu á borsvæði sem er á náttúruminjasrá og hefur því tiltekið verndargildi auk þess sem svæðið liggur einnig nálægt hverfisverndarsvæði.

Lóðir og byggingarreitir

Í töflu yfir lóðir á vinnslusvæðinu kemur fram að 2 lóðir eru áætlaðar fyrir vinnubúðir. Annars vegar 1,8 ha lóð fyrir vinnubúðir rekstraraðila og hins vegar 2ja ha lóð fyrir vinnubúðir verktaka. Þar sem a.m.k. hluti bygginga á þessum lóðum verður tímabundið í notkun og síðan fjarlægður, bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að strax við uppbyggingu lóðanna verði hugað að væntanlegum frágangi svæðisins þegar tímabundnar byggingar verða fjarlægðar.

Námur

Í umfjöllun um námur kemur fram að 2 námur eru staðsettar á deiliskipulagssvæðinu. Önnur náman er við Kvíhóla og verður nýtt til efnistöku. Hin náman er í skriðu vestan í Bæjarfjalli. Efnistöku þeirrar námu er lokið og er unnið að frágangi hennar eins og fram kemur í greinargerð, og einnig kemur fram að náman sé merkt til skýringar með útlínum á skipulagsuppdrætti. Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipulag sýnir landnotkun á skipulagssvæðinu á skipulagstímabilinu, því telur Umhverfisstofnun að ekki skuli merkja frágengna námu sem ekki stendur til að nýta, inn á deiliskipulag Þeistareykja.

Staðsetning og stærð borsvæða

Í umhverfisskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili leggi áherslu á að almennt verði borsvæði afmörkuð nægilega rúm þannig að ekki þurfi að breyta deiliskipulagi vegna minni háttar fráviks við fyrirkomulag og uppsetningu tækja og búnaðar við borun og frágang. Fram hefur komið að alls eru borsvæði að stækka úr samtals 40 ha eins og stærðir eru settar fram í frummatsskýrslu í samtals 54,1 ha eins og stærðir eru settar fram í tillögu að deiliskipulagi Þeistareykja. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í tillögu að


deiliskipulagi að um leið og borsvæði eru mörkuð rúmt í deiliskipulagstillögunni þá muni verða leitast við að raska ekki landi innan borsvæða að óþörfu.


Niðurstaða

Áætlað er að fara í framkvæmdir vegna orkuvinnslu á háhitasvæði við Þeistareyki. Þeistareykir hafa mikla sérstöðu sem einstakt háhitasvæði. Yfirborðshverir, plöntur á valista, nútímahraun, volgar tjarnir, allt eru þetta einstök fyrirbæri sem finnast á Þeistareykjum. Fyrirhugaðar framkvæmdir vegna orkuvinnslu hafa farið í mat á umhverfisáhrifum, niðurstaðan er sú að allar nauðsynlegar framkvæmdir vegna orkuvinnslu munu koma til með að hafa verulega neikvæð á umhverfið. Umhverfisstofnun hefur gert umsagnir og skilað inn athugasemdum á öllum stigum málsins. Nú liggur fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir orkuvinnslusvæðið. Fram kemur í greinargerð og umhverfisskýrslu tillögunnar að borsvæði séu skilgreind rúm svo ekki komi til með þurfa að gera tillögu að breyttu deiliskipulagi ef borsvæði breytast. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að í deiliskipulagi komi það fram að þrátt fyrir rúmt skilgreind borsvæði verði forðast allt óþarfa rask kringum borteiga og að ekki verði svæði raskað að óþörfu þrátt fyrir rúmt skilgreind borsvæði. Í skipulaginu hefur við staðsetningu nauðsynlegra framkvæmda vegna orkuvinnslunnar verið leitast við að framkvæmdir séu í og við skilgreind mannvirkjabelti. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við allar framkvæmdir verði leitast við eftir fremsta megni að allt rask verði innan þessara belta. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að fræða verktaka og alla þá er koma til með að vinna á svæðinu um mikilvægi þess að halda framkvæmdunum innan ofangreindra belta svo ekki komi til ófyrirséð umhverfisáhrif af framkvæmdunum sem rýra þá vinnu sem fram hefur farið við að skipa framkvæmdunum innan ofangreindra framkvæmdabelta.

Hvað varðar förgun á frárennsli og borsvæði sem er ætlað niðurrennslisholum vill Umhverfisstofnun koma með varnaðarorð að því lútandi að hugsað sé fyrir neyðarlosun fyrir frárennslisvatn ef niðurrennslisholur eru ekki að virka samkvæmt áætlun vegna stíflana o.þ.h. Umhverfisstofnun bendir á niðurdælingu bæði í Svartsengi og á Hellsheiði sem dæmi, en á báðum stöðum hafa verið miklir erfiðleikar varðandi niðurdælingu.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun